

Alþingi

Erindi nr. P 1121 788

Komudagur 28.13 1990

Isafirði 16.01.1990

Til formanna
sjávarútvegsnefnda Alþingis,
Reykjavík

Eg undirritaður, formaður Félags fyrrverandi hrefnuveiðimanna vil hér með bréfi þessu fara þess á leit við nefndirnar, að þær taki mál hrefnuveiðimanna til umfjöllunar.

Eins og nefndunum er kunnugt, hafa hrefnuveiðar legið niðri síðan í lok ársins 1985. Alþingi samþykkti í byrjun árs 1983 að mótmæla ekki hvalveiðibanninu, og var það eins og allir vita, samþykkt með eins atkvæðis mun. Allir vita hvað gerst hefur síðan. Í ljós hefur komið, að rétt var, sem hrefnuveiðimenn héldu fram, að mikill fjöldi af hrefnu væri við Island, jafnvel sá fjöldi, að bjartsýnustu veiðimenn voru eins og börn í ágiskunum. Talið er að 19 - 20 þúsund hrefnur séu skv. talningu í Mið-Atlantshafsstofni, þ. e. við Austur-Grænland, Island og Jan Mayen, og er þetta varlega áætlað. Talið er að stofninn þoli veiðar 200 - 300 dýra næstu árin, og er það líka varlega áætlað. Þar sem enn er dregið úr þorskveiðum og loðnuveiði dregst mjög saman, og laxeldi og loðdýrarækt stefna því miður þangað sem allir vita, og hrefnan og maðurinn bitast um loðnuna og aðra nytjafiska, þá finnst okkur kominn tími til að nýta þær auðlindir, sem við eigum í hafinu á skynsamlegan hátt.

Við förum því fram á það, að hrefnuveiðar verði teknar upp að nýju tafarlaust.


Til þess að menn geri sér betur grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, þá má geta þess, að á nokkrum stöðum á landinu höfðu menn fjárfest mikið í í aðstöðu til vinnslu á hrefnuafurðum. Nokkrir þessara staða voru nánast með hrefnu sem aðalatvinnuveg, þó misjafnt væri hvað menn byggðu mikið á þessum veiðum. Af þeim sökum hafði bannið mikil áhrif á afkomu þessara manna. Alþingi breytti með einni atkvæðagreiðslu, arðbærum atvinnuvegi, bæði til sjávar og lands, í hina verstu hörmung, og geta nefndarmenn kynnt sér þá sögu. Stjórn Félags fyrrverandi hrefnuveiðimanna er tilbúin til þess að mæta til fundar með sjávarútvegsnefndum Alþingis hvænær sem er, til viðræðna um þessi mál.

-/frh.

Félag fyrrverandi hrefnuveiðimanna fer hér með fram á það við nefndirnar, að þær leggi fram þingsályktunartillögu um að þegar í stað verði leyfðar hrefnuveiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu undir eftirliti Hafrannsóknarstofnunar, en í allra síðasta lagi á árinu 1991.

Virðingarfyllst.

f.h. Félags fyrrverandi hrefnuveiðimanna



Konráð G. Eggertsson

Bréfið er sent til:

Formanns sjávarútvegsnefndar Neðri-deildar, Jóns Sæmundar Sigurjónssonar
og formanns sjávarútvegsnefndar Efri-deildar, Stefáns Guðmundssonar.